

105. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 10. júlí 2003, kl. 8:30 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Ólafur Áki Ragnarsson og varamaður hans boðuðu forföll.

Gestur fundarins: Fannar Jónasson viðskiptafræðingur.

Dagskrá:

1. Málafni Plastmótunar hf.

Fjallað var um erindi fyrirtækisins, sem tekið var fyrir á síðasta fundi, þar sem óskað er eftir að Sorpstöðin kaupi hlutafé í fyrirtækinu. Lögð fram greinargerð Fannars Jónassonar viðskiptafræðings. Fannar fylgdi henni úr hlaði. Einnig var lögð fram greinargerð um markaðsáætlanir Plastmótunar ehf.

Í lósi þeirra fjárhagslegu og rekstrarlegu upplýsinga sem liggja fyrir, telur stjórn Sorpstöðvarinnar ekki vera forsendur fyrir hlutafjárkaupum í Plastmótun ehf. Stjórnin bendir á að framundan er vinna við endurskipulagningu og stækkun Sorpstöðvarinnar í formi fjölgunar verkefna, ekki hvað síst á sviði flokkunar og endurvinnslu. Stjórnin telur að hagsmunum félaganna á sviði endurvinnslu fari vel saman og vill gjarnan eiga samstarf í þeirri vinnu sem framundan er hjá Sorpstöðinni.

2. Minnisblað frá fundi með forsvarsmönnum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, sem haldinn var 18. júní sl.

Einnig lagt fram bréf frá Sorpeyðingarstöðinni, dags. 9. júlí 2003, þar sem óskað er formlega eftir viðræðum við Sorpstöð Suðurlands um möguleika á samstarfi fyrirtækjanna.

Samþykkt að ganga til viðræðna við fyrirtækið.

Fundi slitið kl. 9:45
Einar Njálsson
Ágúst Ingi Ólafsson
Þorvarður Hjaltason
Fannar Jónasson

